

Föstudaginn 23. október 1942.

Nr. 19/1942. **Austur-Eyjafjallahreppur**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Vestur-Eyjafjallahreppi (Sveinbjörn Jónsson).

Glötun kröfu vegna vanlýsingar hennar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Björnsson, sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Áfrýjandi, sem fengið hefur áfrýjunarleyfi 23. febrúar þ. á. og gjafsóknarleyfi sama dag og sér skipaðan talsmann, hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. marz þ. á. Krefst hann þess, aðallega að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1493.05, til vara kr. 1405.10 og til þrautavara kr. 746.52 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæð þeirri, sem dæmd yrði, frá 7. júlí 1940 til greiðsludags. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hvernig sem málið fer, krefst hann hæfilegrar málflutningsþóknunar sér til handa úr ríkissjóði.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, svo sem málið væri ekki gjafvarnarmál. En hvernig sem málið fer, krefst hann hæfilegra málflutningslauna úr ríkissjóði.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður, en laun skipaðra málflytjenda aðilja fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðra málflytjenda aðilja, hæstaréttarlögmennanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 300.00 til hvors, greiðist úr rikissjóði.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 15. ágúst 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. júní 1941, er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með stefnu, útgefinni 25. okt. 1940, af hreppsnefnd Austur-Eyjafjallahrepps gegn hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps f. h. sveitarsjóðs Vestur-Eyjafjallahrepps til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 1493.05, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi að telja til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu og til vara, að stefnda verði dæmd til að greiða 50% af umstefndri skuld.

Stefnda, hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps f. h. sveitarsjóðs Vestur-Eyjafjallahrepps, hefur hins vegar gert þær réttarkröfur, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Tildrög málsins eru þessi:

Á árinu 1939 höfðaði Reykjavíkurbær mál gegn stefnanda til endurgreiðslu á sveitarstyrk, að upphæð kr. 4267,84, veittum Þuriði Jónsdóttur, sem dvalið hafði um ára skeið í Reykjavík og verið þar á sveitarframfæri, en átt framfærslurétt í Eyjafjallahreppi hinum forna. En þeim hreppi hafði verið skipt í tvö hreppsfélög, Austur- og Vestur-Eyjafjallahrepp, fyrir löngu síðan, og var framfærslu skipt á milli hinna nýju hreppa þann veg, að Austur-Eyjafjallahreppur skyldi greiða $\frac{3}{4}$ hluta og Vestur-Eyjafjallahreppur $\frac{1}{4}$ hluta.

Áður en lengra gekk, varð samkomulag á milli Reykjavíkurbæjar og stefnanda á þá leið, að Reykjavíkurbær tók sem fullnaðargreiðslu á allri skuldakröfunni á hendur Eyjafjallahreppi hinum forna kr. 1962.82 og hafði því gefið eftir kr. 2305.02.

Auk þessarar upphæðar, sem stefnandi hafði samið um greiðslu á við Reykjavíkurbæ, hafði stefnandi greitt á árunum 1931—1933 kr. 650.00 í styrk til nefndrar konu.

Með bréfi, dags. 5. nóv. 1939, krafðist stefnandi greiðslu af stefnda á $\frac{1}{4}$ hlutum ofangreindra tveggja upphæða (kr. 1962.82 + 650.00) eða kr. 1493.05, sem er hin umstefnda upphæð. En stefnda neitaði að greiða upphæðina. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert þær réttarkröfur, sem áður er nánar að vikið.

Sýknukröfu sína byggir stefnd á þessu: Á árinu 1936 leitaði stefnda láns úr Kreppulánasjóði bæja- og sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 35 frá 1936. Var lánsbeiðni hennar tekin til greina, og

hafði stjórn sjóðsins gefið út innköllun til allra skuldheimtumanna stefndu og birt í Lögbirtingablaðinu í maí—júnimán. 1936, þar sem skorað var á þá að lýsa kröfum sínum fyrir sjóðsstjórninni, áður en liðnar væru 6 vikur frá síðustu birtingu auglýsingarinnar, og jafnframt tekið fram, að þær ótryggðu kröfur, sem eigi hefði verið lýst fyrir þann tíma, skyldi ógildar niður falla. Nú hafi þeim kröfum, sem mál þetta er risið af og til voru orðnar fyrir 1. janúar 1936, eigi verið lýst samkvæmt innköllunarauglýsingunni, og séu þær því niður fallnar af þeirri sök að áliti stefndu.

Hins vegar telur stefnandi, að kröfur þessar hafi eigi niður fallið sakir vangeymslu (præklosion) vegna þess, að stefnandi hafi eigi átt kost að lýsa kröfu Reykjavíkurbæjar á árinu 1936, þar sem hreppurinn hafi þá eigi verið búinn að leysa hana til sín, en að hinu leytninu og aðallega vegna þess, að innköllun stjórnar Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga hafi ekki getað haft þær verkanir, að skuldir hreppsfélaga félli niður, enda þótt þeim hefði eigi verið lýst skv. innköllunarauglýsingu sjóðsstjórnarinnar.

Um það er því í rauninni deilt af aðiljum málsins, hvort kröfur þær, sem um ræðir, hafi fallið niður við vangeymslu (præklosion) eða ekki, og ber því að athuga fyrst, hvort stjórn Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga hafi haft lagaheimild til þess að kalla inn óveðtryggðar fjárkröfur og ábyrgðir á hendur bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem lántöku leituðu úr Kreppulánasjóði samkv. l. nr. 35/1936, með þeim hætti, að þær félli niður ógildar, ef þeim væri eigi lýst í samræmi við hljóðan innk. auglýsingar.

Lög nr. 35 1. febr. 1936 um viðauka við l. nr. 78 19. júní 1933 um Kreppulánasjóð fjalla um heimild til lánveitinga handa hreppa- og bæjarfélögum til þess að ná hagkvæmum samningum um skuldir þeirra, sem stofnaðar eru fyrir 1. janúar 1936 o. s. frv.

Í 5. gr. laga þessara segir svo: „Telji sjóðsstjórnin, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán hreppsfélags breytt, hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og enn fremur að eftirgjöf fáiast að meira eða minna leyti á óveðtryggðum og veðtryggðum skuldum hreppsfélags, er henni skylt að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu, að þær breytingar fáiast, er hún telur nauðsynlegar, og skal sjóðsstjórnin, þegar svo stendur á, fara eftir fyrirmælum 8.—18. gr. kreppulánasjóðslaganna, að því leyti sem við getur átt og við verður komið að hennar dómi“ o. s. frv. En í 8. gr. l. nr. 78/1933, sem vísað er til í ofanefndri grein, segir: „Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefur fengið tillögur héraðsfundar, tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveitingu. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðs-

ins með 6 vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests o. s. frv.“ Samkv. 5. gr. 1. nr. 35/1936 á stjórn sjóðsins um það að dæma, hvort og hvernig beita skuli 8.—18. gr. í l. nr. 78/1933, þegar svo stendur á, sem nánar segir í 5. gr. 1. 35/1936. Í 16. gr. 1. nr. 35/1936 segir enn fremur, að um undirbúning undir lánveitingar og annað, er að lánunum lýtur, skuli ákvæði 1. nr. 78 19. júní 1933 gilda, að því leyti sem ekki sé annað ákveðið sérstaklega í lögnum nr. 35/1936.

Af þeim lagagreinum, sem hér hefur verið vitnað til, verður eigi annað betur séð en að stjórn Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga hafi haft fulla lagaheimild til þess að gefa út innköllun á þann hátt og með þeim lagaverkunum, sem um getur í 8. gr. 1. nr. 78/1933.

Nú er það in confesso, að hinir tveir liðir kröfu þeirrar, sem stefnandi hefur uppi í máli þessu, voru til orðnir fyrir 1. jan. 1936 og að þeim var eigi lýst í tæka tíð, þegar eftir kröfum og ábyrgðum á hendur stefnda var kallað samkvæmt innköllunarauglýsingu stjórnar Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Þegar af þessum sökum og með tilliti til áður fenginnar niðurstöðu um verkanir innk. auglýsingar, útg. af stjórn Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, verður að sýkna stefndu af umstefndri kröfu stefnda, en eftir málavöxtum þykir þó rétt að láta málskostnað falla niður.

Með því að stefnandi hefur fengið gjafsókn og stefnda gjafvörn hér fyrir réttinum, ber rikissjóði að endurgreiða þeim út lagðan kostnað undir rekstri málsins, svo sem réttargjöld o. fl., og telur dómariinn upphæðina til hvors hæfilega ákveðna kr. 50.00 til stefnanda og kr. 30.00 til stefnda. Enn fremur ber rikissjóði að greiða þóknun til skipaðra talsmanna stefnanda og stefnda, þeirra hestaréttarmálflutningsmanns Péturs Magússonar og cand. jur. Ragnars Ólafssonar, kr. 150.00 til hvors.

Uppsögn dóms þessa hefur dregið mjög. Er það sakir þess, að á tímabilinu frá dómtöku og allt fram að þessu hefur dómariinn verið önnum hlaðinn við afgreiðslu aðkallandi sýslumála, undirbúning manntalsþinga og þingferðir.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps f. h. sveitar-sjóðs Vestur-Eyjafjallahrepps, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, hreppsnefndar Austur-Eyjafjallahrepps.

Málskostnaður falli niður.

Úr rikissjóði ber að greiða stefnanda sem gjafsóknarhafa

kr. 50.00 og skipuðum málflutningsmanni hans, hrm. Péttri Magnússyni, kr. 150.00 í málflutningslaun og stefnda sem gjafvarnarhafa kr. 30.00 og skipuðum talsmanni hans, cand. jur. Ragnari Ólafssyni, kr. 150.00 í málflutningslaun.

Miðvikudaginn 28. október 1942.

Nr. 82/1942. **Jóhann Jósefsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Kauffélagi Eyfirðinga og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Heimta skaðabóta vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. ágúst þ. á. og gagnáfrýjandi með stefnu 29. s. m. Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2560.00 með 6% ársvöxtum frá 16. marz 1942 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar eftir mati hæstaréttar. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Kröfur aðaláfrýjanda þykir rétt að meta þannig:

1. Lækniskostnaður er sannaður kr. 50.00.
2. Atvinnutjón aðaláfrýjanda, sem meira eða minna var frá vinnu nálægt 6 vikna tíma í júlí og ágúst 1941, þykir hæfilega metið kr. 800.00.
3. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi þykja hæfilega metnar kr. 1000.00.

Stjórnandi bifreiðarinnar A. 178 þykir hafa sýnt óvarkarni, er hann setti bifreiðina í gang, en með því að aðaláfrýjandi gætti ekki heldur fullrar varúðar, þá þykir rétt